

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

36. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILID 2022-2026

Árið 2025, föstudaginn 12. september kl. 10:00, var haldinn 36. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson, Valgeir Scott, Aníta Björk Pálínudóttir, Kjartan Geir Karlsson og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum, að gættri fundarboðun, að ganga til dagskrár.


Dagskrá og afgreiðsla erinda:


1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 36. fund sveitarstjórnar
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
Sveitarstjórn leggur til að skoðað verði að halda íbúafund eða upplýsingafund síðar í haust eða byrjun vetrar.
2. Fundargerð 48. Fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar dags. 3.9.2025
Fundargerð samþykkt.
3. Fundargerð 17. fundar fræðslu-, menningar-, tómstundar- og kynningarnefndar dags. 14.8.2025
Fundargerðin samþykkt.
4. Umsókn um undanþágu frá banni við hundahald í leiguíbúðum Súðavíkurhrepps – erindi í tp. og samkvæmt símtali.
Sveitarstjórn samþykkir undanþágu frá banni við hundahaldi/gæludýrahaldi í þeim leiguíbúðum sem málið varðar. Þau skilyrði eru sett fyrir undanþágunni að ekki verði ónæði af völdum dýrs/dýra fyrir aðra leigjendur í sama húsnæði og að samþykki þeirra liggi fyrir.
5. Skólaskrifstofa – samstarf við Ísafjarðarbæ – minnisblað sveitarstjóra lagt fram
Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Ísafjarðarbæ um samrekna skólaskrifstofu.
6. Erindi frá Félagi fósturforeldra - styrkbeiðni tp. dags. 26.8.2025
Erindi synjað.
7. Erindi frá Kvænnaathvarfinu: Beiðni um rekstrarstyrk, tp. dags. 5.9.2025
Sveitarstjórn samþykkir beiðnina og ítrekaða beiðni frá fyrra ári.
8. Erindi frá Bútasaumsklúbbnum Þjötlnarar dags. 7.9.2025
Sveitarstjórn samþykkir erindið.


9. Umsagnarmál – samráðsgátt stjórnvalda: Mál nr. 154/2025, breytingar á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum
Lagt fyrir sveitarstjórn til kynningar en ekki umsagnar.
10. Fundargerð 983. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 29.8.2025
Lögð fram til kynningar.
11. Fundargerð stjórnar Hafnarsambands Íslands dags. 22.8.2025
Lagt fram til kynningar.
12. Umsóknir vegna rekstrar verslunar og veitinga í Grundarstræti
Sveitarstjórn leggur til að gengið verði til samninga við annan umsækjanda. Sveitarstjóra falið að taka upp viðræður við umsækjanda.
13. Uppbyggin húsnæðis – húsnæðisáætlun Súðavíkurbrepps
Sveitarstjórn leggur til að kannað verði með uppbyggingu á 2-4 íbúðum og skoða nánar form og útfærslu.
14. Erindi frá Marinó Hákonarsyni – Smalamennska í Djúpi við Reykjarfjörð tp. 11.9.2025
Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið en leggur til að bændur í Inndjúpi samnýti flugið eftir því sem tök eru á.


Fleira ekki gert.


Fundi slitið kl. 13:20


Bragi Þór Thoroddsen


Aníta Björk Pálínudóttir


Valgeir Scott


Kjartan Geir Karlsson


Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti